

## Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Atla Gíslasonar um úrskurðarnefndir.

1. *Hversu margar sjálfstæðar og óháðar úrskurðarnefndir eru starfandi á vegum ráðuneytisins, hvað heita þær og hver eru verkefni þeirra?*

Nefndir starfandi á vegum ráðuneytisins eru eftirfarandi:

*Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema.* Hlutverk: Að úrskurða í málum þar sem námsmenn í ríkisháskólum eða háskólum sem hlotið hafa staðfestingu mennta- og menningarmálaráðherra, telja brotið á rétti sínum, sbr. ákvæði reglna nr. 1152/2006, um störf áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema skv. 20. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006.

*Fjölmiðlanefnd.* Hlutverk: Að annast eftirlit samkvæmt fjölmiðlalögum, nr. 38/2011, og daglega stjórnýslu á því sviði sem lög in ná til.

*Fornleifanefnd.* Hlutverk: Að úrskurða um ákvarðanir Fornleifaverndar ríkisins um leyfisveitingar og rannsóknir og stöðvun framkvæmda.

*Málskotsnefnd Lánasjóðs íslenskra námsmanna.* Hlutverk: Að gefa álit um hvort úrskurðir stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna séu í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og reglna um sjóðinn sem staðfestar hafa verið af menntamálaráðherra.

*Útvarpsréttarnefnd,* starfaði til 1. september 2011 þegar skipuð var fjölmiðlanefnd skv. 8. gr. fjölmiðlalaga, nr. 38/2011. Hlutverk: Að veita útvarpsleyfi, úrskurða í kærumálum o.fl.

*Úrskurðarnefnd* vegna ágreiningsmála milli sveitarfélaga um stuðningsþörf og kostnað vegna skólagöngu fósturbarna. Hlutverk: Samkvæmt reglugerð nr. 547/2012, um skólagöngu fósturbarna í grunnskólum. Nefndin hefur ekki verið skipuð.

*Úrskurðarnefnd* skv. 57. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, sbr. lög nr. 60/2000. Hlutverk: Að skera úr ágreiningi sem rís um fjárhæð þóknunar til höfunda þegar verk þeirra eru birt eða flutt eða notuð á annan hátt.

2. *Hver var heildarkostnaður ríkisins af starfsemi nefndanna árin 2009, 2010 og 2011, sundurliðað á hverja nefnd fyrir sig?*

Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema: Heildarkostnaður 10.381.856 kr.

Fjölmiðlanefnd: Heildarkostnaður 27.193.082 kr.

Fornleifanefnd: Engar greiðslur koma fram vegna starfa nefndarinnar á tilgreindum árum.

Málskotsnefnd Lánasjóðs íslenskra námsmanna: Heildarkostnaður 14.281.371 kr.

Útvarpsréttarnefnd: Heildarkostnaður 51.856.309 kr.

Úrskurðarnefnd vegna ágreiningsmála milli sveitarfélaga um stuðningsþörf og kostnað vegna skólagöngu fósturbarna: Ekki hefur komið til kostnaðar.

Úrskurðarnefnd skv. 57. gr. höfundalaga, nr. 73/1972: Engar greiðslur enda nefndin ekki starfandi á tilgreindum árum.